

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar:

- a. Við 6. tölul. bætist nýr málslíður sem orðast svo: Þó skal ekki greiða kostnað vegna matsins, ef fob-verðmæti þeirrar vöru sem hefur orðið fyrir skemmdum er undir 10.000 kr.
- b. 7. tölul. fellur brott.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 14. maí 1997.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Bergþór Magnússon.*

## REGLUGERÐ

**um hækkun bóta skv. lögum um almannatryggingar nr. 117/1993  
með síðari breytingum og bóta skv. lögum um félagslega aðstoð  
nr. 118/1993 með síðari breytingum.**

## 1. gr.

Upphæð bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum, greiðslna samkvæmt 59. gr. sömu laga og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð nr. 118/1993 með síðari breytingum skulu hækka um 4% frá 1. mars 1997 frá því sem þær voru í janúar 1997.

Heimilisuppbót samkvæmt 1. mgr. 9. gr. laga um félagslega aðstoð skal, auk framangreindrar hækkunar, hækka um 3.608 kr. frá 1. júní 1997.

Viðmiðunarfjárhæð heildartekna vegna greiðslu frekari uppbótar samkvæmt 3. málsl. 8. gr. reglugerðar nr. 59/1996, með breytingu samkvæmt reglugerð nr. 231/1997, skal hækka í kr. 86.800 frá 1. júní 1997.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 118/1993 um félagslega aðstoð og 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með vísan til 6. tl. ákvæðis til bráðabirgða með lögum um almannatryggingar, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 16. maí 1997.*

**Ingibjörg Pálmadóttir.**

*Guðríður Þorsteinsdóttir.*